



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið
Sölvhólgötu 7
101 Reykjavík

Reykjavík 8. október 2020

2010016SA KB/vrb
Málalykill: 00.64

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á umferðarlögum.

Vísað er til tilkynningar í samráðsgátt dags. 24. september sl. þar sem óskað er eftir umsögnum um frumvarp til laga um breytingu á umferðarlögum.

Frumvarpinu er ætlað að lagfæra vankanta á gildandi umferðarlögum nr. 77/2019 sem tóku gildi 1. janúar sl. Því er ætlað að koma í veg fyrir aukna stjórnarsýslubyrði og kostnað borgara, einfalda ferli við veitingu undanþága, einfalda ferli opinberra aðila við innheimtu gjalda fyrir notkun stöðureita og skýra orðalag tiltekinnna lagaákvæða. Þá er með frumvarpinu verið að innleiða reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2019/631 sem leiðir til þess að Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) verður veitt heimild til að leggja gjald á framleiðendur ökutækja sem ekki uppfylla viðmið um hámarks útblástur koltvísýrings.

Afstaða sambandsins

Að mati sambandsins er afar jákvætt að ráðuneytið beiti sér fyrir því að lagfæra vankanta á gildandi lögum með það að markmiði að einfalda stjórnarsýslu og skýra vafaatriði.

Við slíka endurskoðun er afar mikilvægt að hlustað sé á athugasemdir þeirra sem lögín snerta hvað mest. Í því ljósi vill sambandið hvetja ráðuneytið til að skoða vel og bregðast við ábendingum Reykjavíkurborgar þar sem m.a. er óskað eftir skilgreiningum á hugtökunum „stöðureitur“ og „gjaldskylt bifreiðastæði“ sem og að skerpt verði á orðalagi ákvæða um göngugötur og akstur breiðra, þungra, langra eða hárra ökutækja.

Þá vill sambandið ítreka fyrri athugasemdir sínar við 86. gr. en í 2. mgr. laganna er gert ráð fyrir að reglur sveitastjórna um notkun stöðureita og gjaldtöku fyrir hana þurfi samþykki lögreglustjóra. Að mati sambandsins ætti að vera nægjanlegt að sveitarfélagið leiti umsagnar lögreglustjóra. Sambandið hvetur ráðuneytið til að bregðast við þessari athugasemd.

Sambandið óskar eftir því að fulltrúar sambandsins og Reykjavíkurborgar fái tækifæri til að funda með ráðuneytinu til að fylgja eftir framangreindum athugasemdum.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Karl Björnsson
framkvæmdastjóri